



Bæjarstjórn Garðabæjar 2. (880)/2021

Boðað er til 2. (880). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 4. febrúar 2021 kl. 17:00.

Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Dagskrá:

1. 2101046F - Fundargerð bæjarráðs frá 26/1 '21.
2101286 - Erindi Hafgolunnar ehf. varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi.
2. 2101063F - Fundargerð bæjarráðs frá 2/2 '21.
2011215 - Umsögn varðandi tillögu að matsátætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu 1.
2101523 - Viðauki við samning um notkun beitarhólfs við Krísvíkurbjarg.
3. 2101034F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 20/1 '21.
4. 2101059F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 26/1 '21.
5. 2101001F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 6/1 '21.
6. 2101058F - Fundargerð íþróttá- og tómstundaráðs frá 27/1 '21.
7. 2101021F - Fundargerð leikskólanefndar frá 20/1 '21.
8. 2012043F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 20/1 '21.
9. 2101447 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 25/1 '21.
10. 2101346 - Fundargerð stjórnar SSH frá 18/1 '21.
11. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 29/1 '21.
12. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 - Lántaka
13. 2102035 - Tillaga um nýtingu húsnæðis að Garðatorgi 1 fyrir starfsemi Hönnunarsafns Íslands og fjölbreytta menningarstarfsemi.
14. 1811064 - Umferðaröryggisáætlun Garðabæjar

Gunnar Einarsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
1. (879). fundur 2021

Fimmtudaginn 21. janúar 2021 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðabirgðaákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020. Fundinum er streymt beint á vefsíðu Garðabæjar.

Fundinn sátu: Sigurður Guðmundsson, Áslaug Hulda Jónsdóttir, Sigríður Hulda Jónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Jóna Sæmundsdóttir, Almar Guðmundsson, Björg Fenger, Gunnar Einarsson, Sara Dögg Svanhildardóttir, Ingvar Arnarson og Harpa Þorsteinsdóttir.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Sigurður Guðmundsson, forseti bæjarstjórnar setti fund og stjórnaði.

Fundargerð bæjarstjórnar frá 17. desember 2020 er lögð fram.

Björg Fenger, kvaddi sér hljóðs og óskaði íþróttakonu Garðabæjar Ágústu Eddu Björnsdóttur, hjólræiðakonu og íþróttakarli Garðabæjar Hilmarí Snæ Örvarssyni, skíðamanni til hamingju með þeirra viðurkenningar. Einnig óskaði Björg öðru íþróttafólki og þjálfurum til hamingju með viðurkenningar er þau fengu fyrir góðan árangur í sinni íþrótt svo og þeim sem fengu viðurkenningar fyrir fórnfúst starf að félagsstörfum. Þá þakkaði Björg starfsmönnum bæjarins fyrir þeirra framlag við undirbúning og framkvæmd íþróttahátíðar Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2012040F - Fundargerð bæjarráðs frá 22/12 '20.

Sigríður Hulda ræddi 18. tl., staðfestingu á Breeam-vottun vegna Vífilsstaðalands.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 17. tl., skipun stýrihóps vegna innleiðingar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19, 23. tl., niðurstöður stofnana um styttingu vinnutíma dagvinnufólks og 25. tl., tillögu um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Ingvar Arnarson, ræddi 23. tl., niðurstöður stofnana um styttingu vinnutíma dagvinnufólks, 25. tl., tillögu um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri, 30. tl., bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð.

Gunnar Einarsson, ræddi 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19, 23. tl., niðurstöður stofnana um styttingu vinnutíma dagvinnufólks, 25. tl., tillögu um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri, 30. tl., bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um Hálandisþjóðgarð.

Almar Guðmundsson, ræddi 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19.

Ingvar Arnarson, ræddi 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19, 25. tl., tillögu um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri,

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 18. tl, staðfestingu á Breeam-vottun vegna Vífilsstaðalands, , 25. tl., tillögu um að Garðabær birti fundargerðir verkfunda við byggingu fjölnota íþróttahúss í Vetrarmýri.

Almar Guðmundsson, ræddi 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19.

Gunnar Einarsson, ræddi 17. tl., skipun stýrihóps vegna innleiðingar barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og gerði grein fyrir að um er að ræða stýrihóp sem mun eingöngu koma að innleiðingu Barnasáttmálans en ekki innleiðingu Heimsmarkmiðanna og Heilsueflandi Garðabæ. Gunnar upplýsti að Björg Fenger er tilnefnd sem formaður stýrihópsins.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, ræddi 23. tl., niðurstöður stofnana um styttingu vinnutíma dagvinnufólks.

Ingvar Arnarsson, ræddi 20. tl., bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi tillögur Velferðarvaktarinnar til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna Covid-19.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 23. tl., niðurstöður stofnana um styttingu vinnutíma dagvinnufólks.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um byggingu nýs einbýlishúss og niðurrifi eldra húss á lóðinni við Bakkafliöt 12, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Bakkaflatar 7, 9, 10, 11 og 14. (Mál nr. 2011349)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Flata í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar við núverandi hús að Smárafliöt 12, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal tillöguna eigendum Smáraflatar 10 og 14 og Stekkjarflatar 13, 15 og 17. (Mál nr. 2012115)

Almar Guðmundsson, vék af fundi við afgreiðslu tillögunnar.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Arnarness vegna lóðarinnar við Blikanes 22, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bárust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 2010462)

Gunnar Einarsson vék af fundi við afgreiðslu tillögunnar.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Lundahverfis vegna lóðanna við Grenilund 10 og 12, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bárust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 2010246)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á skipulagsskilmálum sem gilda fyrir lóðina við Kirkjulund 17. Starfsemi með brennsluofn fyrir dýrahæ og staðsetning gáma á lóð með metan kútum verður ekki talin vera í samræmi við yfirbragð og eðli starfsemi á miðsvæði eins og svæðið er skilgreint í aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030. (Mál nr. 2010451)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að hafna umsókn um breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Víkurgötu 1-7, þar sem sótt er um að skipta neðsta húsinu í raðhúsaröðinni í tvær íbúðir. Fyrir liggur neikvæð umsögn deiliskipulagshöfunda. (Mál nr. 2011173)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi 1. áfanga austurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Mariugötu 5-7, samkvæmt 1. mgr. 31. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga. Tillagan gerir ráð fyrir skiptingu lóðanna og fjölgun íbúða um 8 á hvorri lóð.

Lóðarhafa skal bent á að við fjölgun íbúða kemur til greiðslu gjalds til uppbyggingar skóla- og íþróttamála samkvæmt samningi um uppbyggingu byggðar í Urriðaholti og nemur gjaldið kr. 895.650 á íbúð m.v. BVT 747,7 stig í desember 2020 og gjaldfellur við útgáfu á byggingarleyfi. (Mál nr. 2012153)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfi) í tilefni umsóknar um stækkun byggingarreits vegna viðbyggingar við núverandi hús við Tunguás 8, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga. Grenndarkynna skal eigendum Tunguáss 4, 5, 6, 7 og 9 og Víðiáss 3 og 5 og Arnaráss 13, 15, 17 og 19. (Mál nr. 2009325)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna lóðar fyrir dælustöð við Hraunsholtsbraut, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 2. mgr. 44. gr. skipulagslaga og bærust engar athugasemdir. Breyting skal send Skipulagsstofnun og auglýst í B- deild Stjórnartíðinda. (Mál nr. 2009610)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Arnarness samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir byggingarreitum fyrir neðri hæð á framlóð húsa ofan götu við Blikanes og Mávanes. Tillagan skal auglýst með áberandi hætti og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt. (Mál nr. 2012070)

Fundargerðin sem er 33 tl., er samþykkt samhljóða.

2. 2101017F - Fundargerð bæjarráðs frá 12/1 '21.

Ingvar Arnarson, ræddi 1. tl., íbúa- og þjónustukönnun 2020, 19. tl., reglur um hvatapeninga árið 2021 og 21. tl., gjaldskrá stuðningsþjónustu.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., íbúa- og þjónustukönnun 2020, 19. tl., reglur um hvatapeninga árið 2021 og 21. tl., gjaldskrá stuðningsþjónustu.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., íbúa- og þjónustukönnun 2020 og 22. tl., bréf Bergljótar Sigurbjörnsdóttur um lausn frá starfi félagsmálastjóra. Almar færði Bergljótu þakkir bæjarstjórnar fyrir farsæl störf í þágu Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 23 tl., er samþykkt samhljóða.

3. 2101032F - Fundargerð bæjarráðs frá 19/1 '21.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 13. tl., bréf félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun sérfræðingateymis til ráðgjafar sveitarfélögum vegna þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Áslaug Hulda Jónsdóttir ræddi 10. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032, 11. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi skýrslu um þörf fyrir sorpbrennslustöð á Íslandi og 12. tl., lokadrög skýrslu varðandi umhverfisuppgjör Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 10. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi drög að stefnu um meðhöndlun úrgangs 2021-2032, 11. tl., tilkynningu frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi skýrslu um þörf fyrir sorpbrennslustöð á Íslandi og 12. tl., lokadrög skýrslu varðandi umhverfisuppgjör Garðabæjar.

Almar Guðmundsson, ræddi 13. tl., bréf félagsmálaráðuneytisins varðandi skipun sérfræðingateymis til ráðgjafar sveitarfélögum vegna þjónustu við börn með alvarlegar þroska- og geðraskanir.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 8. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna lóðarinnar við Brekkuás 2 og 9. tl., afgreiðslu skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingum á aðalskipulagi Garðabæjar vegna breytingar á landnotkun lóðarinnar við Brekkuás 2.

Afgreiðsla mála.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Túnahverfis á Álftanesi er gerir ráð fyrir hækkun á mænishæð parhúsanna við Vesturtún 38-40. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga og bærust engar athugasemdir. (Mál nr. 2008424)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi vesturhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Hraungötu 7, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin felst í því að leyfilegur þakhalli verður 0-15° í stað 15-45° og að heimilaðar verði 4 hæðir í tengibyggingu á milli húshluta þar sem fyrirhugað er lyftuhús. Tillagan skal grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga og skal grenndarkynna tillöguna eigendum að Hraungötu 5, 8, 9, 10, 12, og 14 og Holtsvegar 41 og 43. (Mál nr. 2002267)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um óverulega breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna lóðarinnar við Brúnás 12 sem gerir ráð fyrir að þakvirki og burðaveggur undir því fari lítilega út fyrir byggingarreit, að gólfkóti aðalhæðar verði 20 cm hærri en G-kóti á lóðarblaði tilgreinir og að veggshæð hærri hluta húss verði 40 cm hærri en fram kemur í skilmálum. Tillagan var grenndarkynnt samkvæmt 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 2. mgr. 43. gr. sömu laga og hafa allir hlutaðeigendur áritað uppdrætti til samþykktar á tillögunni. (Mál nr. 2012035)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar að kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) samkvæmt 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan gerir ráð fyrir að lóð fyrir leikskóla við Brekkuás 2 breytist í lóð fyrir búsetukjarna fyrir fatlað fólk. Tillagan skal auglýst með áberandi hætti og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt. (Mál nr. 2005435)

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar um breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 sem nær til lóðarinnar við Brekkuás 2. Tillagan gerir ráð fyrir að landnotkunarreitir svæðisins þar sem lóðin er breytist úr 2.06-S samfélagsþjónusta í 2.06-Íb íbúðarsvæði vegna byggingar búsetukjarna fyrir fatlað fólk.

Tillagan skal kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða annan fullnægjandi hátt samkvæmt 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Tillagan skal einnig kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd.

Samhliða skal kynna tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra vegna sömu lóðar. (Mál nr. 2010333)

Fundargerðin sem er 14 tl., er samþykkt samhljóða.

4. 2012030F - Fundargerð fjölskylduráðs frá 16/12 '20.

Almar Guðmundsson, ræddi 1. tl., yfirlit yfir stöðu verkefna í málaflokki fatlaðs fólks og 4. tl., reglur um veitingu fjárstyrks til greiðslu lögmannaástoðar.

Sara Dögg Svanhildardóttir spurði um úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar á vefsíðum sveitarfélaga.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 1. tl., yfirlit yfir stöðu verkefna í málaflokki fatlaðs fólks.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Almar Guðmundsson, ræddi úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar á vefsíðum sveitarfélaga, 1. tl., yfirlit yfir stöðu verkefna í málaflokki fatlaðs fólks og 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021 og svaraði fyrirspurnum

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Gunnar Einarsson, ræddi 1. tl., yfirlit yfir stöðu verkefna í málaflokki fatlaðs fólks og 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Ingvar Arnarson, ræddi að nýju 2. tl., fyrirspurn um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

Almar Guðmundsson, ræddi að nýju 2. tl., um fyrirspurn þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og svaraði fyrirspurn.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi 1. tl. yfirlit yfir stöðu verkefna í málaflokki fatlaðs fólks og 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Björg Fenger, ræddi 5. tl., tölulegar upplýsingar um rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021.

Fundargerðin lögð fram.

5. 2101014F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 11/1 '21.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 2. tl., safnanótt 2021 og 4. tl., barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi 4. tl., barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021.

Ingvar Arnarson, 3. tl., menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahúss.

Björg Fenger, tók til máls og minnti á áform um menningardagskrá fyrir ungt fólk í Garðabæ.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 3. tl., menningardagskrá vegna vígslu fjölnota íþróttahúss

Fundargerðin lögð fram.

6. 2012032F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 17/12 '20.

Sigurður Guðmundsson, ræddi 22. tl., beiðni um umsögn varðandi legu Lyklafellslínu og Ísallínu og 20. tl., umferðaröryggisáætlun Garðabæjar.

Ingvar Arnarson, ræddi 22. tl., beiðni um umsögn varðandi legu Lyklafellslínu og Ísallínu og 5. tl., bókun Baldurs Ó. Svavarssonar varðandi tillögu að breytingu á skipulagi Garðahverfis. Ingvar fór fram á að bókunin verði rituð í fundargerð bæjarstjórnar.

„Bókun vegna óvæginnna umæla Áslaugar Huldu Jónsdóttur á bæjarstjórnarfundi. Undirritaður vill af gefnu tilefni koma eftirfarandi bókun á framfæri, vegna bókunar formanns bæjarráðs á bæjarstjórnarfundi þann 5. nóv. sl. og varðaði skipulag á Garðaholti. Þar hafði undirritaður ekki tók á að verja sig og bókar því hér. Í bókun sinni ýjar formaðurinn ósmekklega að því að undirrot gagnrýni minnar á undarlegt einkavætt skipulag á Garðaholti stafi af hagsmunapotí vegna fyrri vinnu minnar við

skoðun á möguleikum svæðisins til framtíðar. Fer í manninn frekar en boltann eins og gjarnt er um rökþrota En það kemur svo sem ekki á óvart að fulltrúi sjálfstæðimanna geri það og ýji að hagsmunapotí ? því margur heldur mig - sig. Það skal hinsvegar skýrt tekið fram að undirritaður hefur nákvæmlega engra hagsmuna að gæta vegna þessara fornu vinnu, enda fór hún fram fyrir hart nær 20 árum. Verkefninu lauk þá og er að fullu uppgert við þáverandi bæjaryfirvöld. En minna má á að sú vinna var að frumkvæði þáverandi bæjarstjóra og bæjaryfirvalda sjálfstæðisflokksins sem höfðu nokkuð aðra og nútímalegri framtíðarsýn á þetta svæði, en samflokksfélagar þeirra og núverandi yfirvöld. Hins vegar þekkir undirritaður svæðið og möguleika þess betur en flestir vegna einmitt þeirrar vinnu. Betur en formaðurinn rökþrota og það er ástæða þess að ég hef beitt mér. Ég veit hverju er fórnað af verðmætum og framtíðar möguleikum þarna, auk þess sem núverandi áform gefa færi á braski sem reyndar er þegar hafið.“

Áslaug Hulda Jónsdóttir, ræddi 5. tl., bókun Baldurs Ó. Svavarssonar varðandi tillögu að breytingu á skipulagi Garðahverfis.

Fundargerðin lögð fram.

7. 2101022F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 14/1 '21.

Fundargerðin lögð fram.

8. 2010035F - Fundargerð stjórnar Hönnunarsafns Íslands frá 3/11 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi 4. tl., húsnaðismál.

Björg Fengler, ræddi 5. tl., stafræna tilvist safnsins og 6. tl., markaðsmál 2020.

Fundargerðin lögð fram.

9. 2101020F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 13/1 '21.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 1. tl., umhverfisuppgjör Garðabæjar 2019, 3. tl., tillögu um að útfæra leiðir til að innleiða fjárhagslega hvata fyrir íbúa sveitarfélagsins sem stuðla að betri flokkun og úrgangstjórnun, 4. tl., rannsóknarskýrslu um losun svifryks af gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu og 5. tl., drög að vatnaáætlun fyrir Ísland.

Ingvar Arnarson, ræddi 2. tl., friðlýsingar, 4. tl., rannsóknarskýrslu um losun svifryks af gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu og 5. tl., drög að vatnaáætlun fyrir Ísland.

Fundargerðin lögð fram.

10. 2001161 - Fundargerð stjórnar SSH frá 14/12 '20.

Fundargerðin lögð fram.

11. 2001425 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 11/12 og 29/12 '20.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi pöntunarþjónustu Strætó.

Gunnar Einarsson ræddi fjárhags- og starfsáætlun Strætó 2021.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi pöntunarþjónustu Strætó og svaraði fyrirspurn.

Björg Fengler, ræddi akstursþjónustu fyrir fatlað fólk.

Harpa Þorsteinsdóttir, ræddi pöntunarþjónustu Strætó.

Sara Dögg Svanhildardóttir, ræddi pöntunarþjónustu Strætó.

Gunnar Valur Gíslason, ræddi pöntunarþjónustu Strætó.

Fundargerðirnar lagðar fram.

12. 2101300 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 8/1 '21.

Fundargerðin lögð fram.

13. 2001272 - Fundargerðir stjórnar SHS frá 13/11 - 11/12 '20.

Fundargerðirnar lagðar fram.

14. 2001357 - Fundargerðir stjórnar Sorpu bs. frá 8/12, 16/12 og 30/12 '20.

Jóna Sæmundsdóttir, ræddi 2. tl., fg. frá 16/12, minnisblað um stöðuna í uppkeyrslu móttöku og flokkunarstöðvar og GAJA, 3. tl., fg. frá 16/12, stöðuskýrslu verkefnastjóra vegna heildarlausnar úrgangsmála á höfuðborgarsvæðinu m.v. 30.11.2020, 7. tl., fg. frá 16/12, starfsemi Góða hirðisins og 2. tl., fg. 30/12, minnisblað vegna útflutnings á endurvinnsluplasti.

Fundargerðirnar lagðar fram.

15. 2101004 - Kosning varafulltrúa í skólanefnd grunnskóla.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa Kristjönu Sigursteinsdóttur, Smáraflöt 16, sem varamann í skólanefnd í stað Krístrúnar Frostadóttur, sem flutt er úr bæjarfélaginu.

16. 2101004 - Kosning fulltrúa í öldungaráð.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa Sigurð Símonarson, Strikinu 10, sem fulltrúa í öldungaráð samkvæmt tilnefningu Félags eldri borgara í Garðabæ í stað Ástbjörns Egilssonar sem er fluttur úr bæjarfélaginu.

17. 1911372 - Umhverfisuppgjör 2019 fyrir starfsemi Garðabæjar.

Jóna Sæmundsdóttir, gerði grein fyrir vinnu við gerð umhverfisuppgjör Garðabæjar fyrir árið 2019. Umhverfisuppgjórið hefur að geyma allar helstu upplýsingar um umhverfisþætti Garðabæjar og við vinnslu þess var fylgt leiðbeiningum Nasdaq frá 2019 meginreglum Greenhouse Gas Protocol aðferðarfræðinnar. Jóna lagði til við bæjarstjórn að samþykkja umhverfisuppgjör Garðabæjar fyrir árið 2019.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls.

Jóna Sæmundsdóttir, tók til máls.

Ingvar Arnarson, tók til mál.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða umhverfisuppgjör Garðabæjar fyrir árið 2019.

18. 2009024 - Samningur við Arkitektafélag Íslands og keppnislýsing vegna samkeppni um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, gerði grein fyrir keppnislýsingu vegna samkeppni um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða samning við Arkitektafélag Íslands og keppnislýsingu vegna samkeppni um hönnun nýs leikskóla í Urriðaholti.

19. 2101296 - Tillaga Garðabæjarlistans um gerð meginreglna um íbúalýðræði og endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar.

Sara Dögg Svanhildardóttir, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að sveitarfélagið setji sér meginreglur um íbúalýðræði og taki lýðræðisstefnu Garðabæjar frá 2010 til endurskoðunar.“

Greinargerð

Núgildandi lýðræðisstefna Garðabæjar var samþykkt af bæjarstjórn 6. maí 2010 því er langt um liðið og því tímabært að endurskoða stefnuna. Í stefnunni sjálfri kemur m.a. fram að það beri að meta stefnuna reglulega.

Þegar lýðræðisstefna Garðabæjar er rýnd, sem eins og fram kemur í tillögunni er samþykkt í maí 2010, má sjá að hún ber þess merki að vera barns síns tíma og um leið að vera fyrstu skrefin í slíkri vinnu sveitarfélagsins.

Næsta skref í átt að auknu íbúalýðræði er að setja sér meginreglur eins og gert er grein fyrir í handbók sveitarfélaganna um íbúalýðræði.

Almar Guðmundsson, tók til máls og lagði fram svohljóðandi bókun.

„Á fundi fjölskylduráðs Garðabæjar þann 13. nóvember 2019 var samþykkt að hefja vinnu við endurskoðun lýðræðisstefnu Garðabæjar, þar sem m.a. yrði fjallað sérstaklega um samráð og íbúakosningar. Starfshópur var settur saman sem samanstóð af hópi starfsmanna þvert á svið bæjarins. Vinna hófst í upphafi síðasta árs og var hún kynnt bæjarbúum á ýmsan hátt. M.a. var samráðsgátt opnuð þar sem íbúar gátu sent inn ábendingar og tillögur um leiðir til lýðræðis. Vinnu við gerð stefnunnar var frestað í apríl 2020 vegna heimsfaraldurs. Fjölskylduráð samþykkti í október sl. að hefja vinnuna aftur og hefur verið einhugur um málið innan ráðsins frá byrjun. Stefnt er að því að henni ljúki á þessu ári. Í ljósi ofangreinds er eðlilegt að hafna framkominni tillögu.“

Ingvar Arnarson, tók til máls um framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Almar Guðmundsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Sigríður Hulda Jónsdóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Gunnar Einarsson, tók til máls um framkomna tillögu.

Sara Dögg Svanhildardóttir, tók til máls um framkomna tillögu.

Farmkomin tillaga er felld með átta atkvæðum (SG,ÁHJ,SHJ,GVG,JS,AG,BF,GE) gegn þremur (SDS,IA,HÞ).

20. 2101301 - Tillaga um göngu- og hjólaleiðir í upplandi Garðabæjar

Sigurður Guðmundsson, kvaddi sér hljóðs og lagði fram eftirfarandi tillögu.

„Bæjarstjórn samþykkir að hafin verði vinna á tækni- og umhverfissviði við að undirbúa skipulag á göngustíg milli Búrfells og Helgafells í samvinnu við Hafnarfjörð. Einnig að hafin verði vinna við svo kallaðan „Vatnastíg“ hringleið sem nær milli Vífilsstaðavatns og Urriðakotsvatns og jafnvel til Hvaleyrarvatns í samvinnu við Hafnarfjörð.

Þá er lagt til að skipulagsvinna hefjist við Garðahraun efra með það í huga að koma á göngu- og hjólastíg frá Urriðaholti í átt að Vífilsstöðum með tengingu við Garðahraun neðra.“

Greinargerð:

Ganga í upplandi Garðabæjar verður sífellt vinsælli og mikilvægt að tryggja fjölbreyttar göngu- og hjólaleiðir um upplandið. Gangandi umferð í kringum vötnin í Garðabæ hefur farið vaxandi og gaman að geta boðið uppá lengri gönguferðir í kringum þessi vinsælu vötn. Ganga á bæði Búrfell í Garðabæ og Helgafell í Hafnarfirði er vinsæl og gaman að geta tengt þessi fjöll betur saman þannig að nálgast megi þau frá tveimur áttum, þegar eru að myndast farvegir þarna á milli og mikilvægt að klára stíg þarna á milli til að vernda svæðið.

Mikilvægt er að tryggja öruggar göngu- og hjólreiðatengingar frá Urriðaholti til miðbæjar Garðabæjar og í átt að fjölnota íþróttahúsi í Vetrarmýri. Tengingar undir eða yfir Reykjanesbraut þarf að vinna í samvinnu við Vegagerðina.

Bæjarstjórn samþykkir samhljóða framkomna tillögu.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Sigurður Guðmundsson, (sign)
Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Jóna Sæmundsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Gunnar Einarsson, (sign)
Sara Dögg Svanhildardóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Harpa Þorsteinsdóttir, (sign)


Undirritunarsíða

Áslaug Hulda Jónsdóttir




Undirritað af:
Áslaug Hulda
Jónsdóttir
0505764699
Dags: 25.01.2021
Tími: 09:04:49
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Sigríður Hulda Jónsdóttir



Undirritað af:
Sigríður Hulda
Jónsdóttir
1809645689
Dags: 25.01.2021
Tími: 09:01:33
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Sigurður Guðmundsson




Undirritað af:
Sigurður
Guðmundsson
2003703419
Dags: 25.01.2021
Tími: 09:38:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Gunnar Valur Gíslason



Undirritað af:
Gunnar Valur Gíslason
0603586809
Dags: 25.01.2021
Tími: 09:48:41
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Jóna Sæmundsdóttir




Undirritað af:
Jóna Sæmundsdóttir
1903582169
Dags: 25.01.2021
Tími: 09:24:48
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Almar Guðmundsson



Undirritað af:
Almar Guðmundsson
0305722979
Dags: 25.01.2021
Tími: 16:06:28
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Björg Fengler



Undirritað af:
Björg Fengler
1308785049
Dags: 25.01.2021
Tími: 22:25:52
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Gunnar Einarsson



Undirritað af:
Gunnar Einarsson
2505554079
Dags: 28.01.2021
Tími: 08:56:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Sara Dögg Svanhildardóttir



Undirritað af:
Sara Dögg
Svanhildardóttir
2607733139
Dags: 25.01.2021
Tími: 12:37:14
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Ingvar Arnarson



Undirritað af:
Ingvar Arnarson
2406783819
Dags: 26.01.2021
Tími: 07:46:38
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Undirritunarsíða

Harpa Þorsteinsdóttir



Undirritað af:
Harpa Þorsteinsdóttir
2706862229
Dags: 26.01.2021
Tími: 16:54:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: 613779cc-
e4f4-4d4e-abae-
96c038f03b04

Bæjarráð Garðabæjar
3. (1961). fundur 2021

Þriðjudaginn 26. janúar 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fenger, aðalmaður, Gunnar Valur Gíslason, varamaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2005424 - Afgreiðsla starfshóps vegna eftirfylgni með börnum í Covid-19 um tillögur Velferðarvaktarinnar.

Yfirfélagsráðgjafi fór nánar yfir störf samráðshópsins og gerði grein fyrir tölulegum upplýsingum um fjölda tilkynninga er varða börn og samanburði milli ára. Fram kom að ekki eru merki um fjölgun tilkynninga á árinu 2020 umfram það sem almennt hefur verið milli ára. Einnig var farið yfir tölulegar upplýsingar um fjölda einstaklinga sem fá greidda fjárhagsaðstoð á árinu 2020 en umsóknnum fjölgaði á árinu 2020. Farið var yfir helstu atriði í reglum um fjárhagsaðstoð er varðar stuðning við barnafjölskyldur og námsmenn.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir og Harpa Þorsteinsdóttir, voru á fundi bæjarráðs undir þessum dagskrárlið.

2. 2012035 - Brúnás 12 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hilmari Snæ Rúnarssyni, kt. 241272-3039, leyfi til að byggja einbýlishús að Brúnási 12.

3. 2012268 - Sunnuflöt 24 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Sigrúnu Bender, kt. 151185-4019, leyfi til að breyta innra skipulagi og að byggja við núverandi hús að Sunnuflöt 24.

4. 1811064 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi umferðaröryggisáætlun fyrir Garðabæ.

Bæjarráð vísar umferðaröryggisáætlun Garðabæjar til afgreiðslu bæjarstjórnar.

5. 2101031 - Bréf Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa varðandi niðurfellingu fasteignagjalda 2021, dags. 04.01.21.

Bæjarráð samþykkir að veita Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa styrk að fjárhæð kr. 2.050.057 til greiðslu fasteignagjalda af golfskála árið 2021.

6. 2101249 - Bréf Skátafélaganna varðandi niðurfellingu fasteignagjalda, dags. 15.01.21.

Bæjarráð samþykkir að veita Skátafélaginu Vífli og Hjálparsveit skáta styrk að fjárhæð kr. 4.215.394 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.

7. 2101286 - Erindi Hafgolunnar ehf. varðandi forkaupsrétt við sölu á fiskiskipi.

Bæjarráð samþykkir leggja til við bæjarstjórn að samþykkja að falla frá forkaupsrétti vegna sölu á fiskiskipinu Þórði Ólafssyni BA-096/2493.

8. **2101290 - Tilkynning frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu varðandi áform um lögfestingu markmiðs um kolefnishlutleysi, dags. 19.01.21.**
Lögð fram og vísað til kynningar í umhverfisnefnd.

9. **2101261 - Bréf Hagstofu Íslands varðandi upplýsingar um heimilislaust fólk og fólk í húsnæðishraki, dags. 12.01.21.**
Bæjarráð felur bæjarstjóra að hlutast til um að veita Hagstofu Íslands umbeðnar upplýsingar.

10. **2101333 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi áform um friðlýsingu Garðahrauns efra, dags. 19.01.21.**
Í bréfinu eru kynnt áform Umhverfisstofnunar í samstarfi við Garðabæ og Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa um stækkun og endurskoðun friðlýsingar Garðahrauns efra í Garðabæ í samræmi við 52. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Frestur til athugasemda við áformin er til og með 25. mars 2021.

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í umhverfisnefnd.

11. **2101377 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024, dags. 22.01.2021.**
Lögð fram til kynningar samþykkt svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins um þróunaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið 2020 - 2024 þar sem fram koma m.a. áform um íbúauppyggingu á svæðinu.

Bæjarráð vísar bréfinu til kynningar í skipulagsnefnd.

12. **2004230 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi beiðni um tilnefningu á fulltrúum í starfshóp SSH vegna verkefnis um stjórnslu byggðasamlaganna, dags. 20.01.21.**
Bæjarráð samþykkir að tilnefna bæjarfulltrúana Björgu Fenger og Söru Dögg Svanhildardóttir í starfshóp SSH vegna verkefnis um stjórnslu byggðasamlaganna.

13. **2101352 - Bréf Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi kynningu á fýsileikaskýrslu ReSource um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, dags. 20.01.21.**
Lagt fram til kynningar.

14. **2101368 - Tilkynning frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu varðandi drög að reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 20.01.21.**
Lögð fram.

15. **2101378 - Bréf Alþingis varðandi frumvarpi til laga um jarðalög (einföldun regluverks, vernd landbúnaðarlands, upplýsingaskyldu o.fl.), 375. mál., dags. 21.01.21.**
Lagt fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)

Almar Guðmundsson, (sign)

Björg Fenger, (sign)

Gunnar Valur Gíslason, (sign)

Ingvar Arnarson, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
4. (1962). fundur 2021

Þriðjudaginn 2. febrúar 2021 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar. Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði samkvæmt heimild í VI. bráðarbirgðarákvæði við sveitarstjórnarlög nr. 138/2011, sbr. lög nr. 18/2020, sbr. auglýsingu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra nr. 1076/2020 og samþykkt bæjarstjórnar frá 19. nóvember 2020.

Fundinn sátu: Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður, Sigríður Hulda Jónsdóttir, aðalmaður, Almar Guðmundsson, aðalmaður, Björg Fengler, aðalmaður, Ingvar Arnarson, aðalmaður, Gunnar Einarsson, bæjarstjóri, Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari, Eysteinn Haraldsson, bæjarverkfræðingur, Eiríkur Björn Björgvinsson, sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Hildigunnur Árnadóttir, yfirfélagsráðgjafi, Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri og Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda.

Fundargerð ritaði: Guðjón Erling Friðriksson, bæjarritari.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 1808087 - Framkvæmdir við fjölnota íþróttahús - áfangaskýrsla.

Helgi Már Halldórsson, arkitekt fjölnota íþróttahúss, kom á fund bæjarráðs og kynnti þrívíddar teikningar af húsinu bæði að utan að innan og sýndi nánar einstök rými innanhúss.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri framkvæmda og umhverfis fór yfir stöðu verksamnings, verkstöðu og framvindu verksins næstu mánuði.

Bæjarfulltrúarnir, Sara Dögg Svanhildardóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Jóna Sæmundsdóttir, Sigurður Guðmundsson voru á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1 og 2

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri var á fundi bæjarráðs undir dagskrárlíðum 1,2 og 3

2. 2005203 - Staða framkvæmda við Hafnarfjarðarveg.

Guðbjörg Brá Gísladóttir, deildarstjóri umhverfis og framkvæmda gerði grein fyrir stöðu framkvæmda við Hafnarfjarðarveg. Uppsetning ljósa á gatnamótum Víflsstaðavegar er lokið og verið að stilla ljósin með tilliti til umferðarflæðis og verða allar akreinar komnar í notkun um leið og veður leyfir. Hafinn er undirbúningur vegna framkvæmda við undirgöng við Hraunsholtslæk og verður framhjálaup í átt að Ásgarði á meðan undirgöngin verða í framkvæmd. Farið verður í framkvæmdir við gatnamót Lyngáss og Lækjarfitjar í haust og frágang við hljóðveggi. Verklök eru áætluð í október 2021.

3. 2006130 - Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2021 - Lántaka.

Lúðvík Hjalti Jónsson, fjármálastjóri gerði grein fyrir tillögu um lántöku, hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð kr. 1.500.000.000, verðtryggt með 1,48% föstum vöxtum. Lánið er jafngreiðslulán til 13 ára.

Bæjarráð vísar afgreiðslu málsins til bæjarstjórnar.

Fyrir liggja drög að lánsamningi.

4. 2101522 - Minnisblað Herdísar Storgaard varðandi öryggi barna á leiksvæðum Garðabæjar.

Lagt fram minnisblað Herdísar Storgaard varðandi öryggi barna á leiksvæðum. Í minnisblaðinu er er lýst ástandsskoðun á kastala á leiksvæði á opnu svæði við Lundaból.

Bæjarráð felur tækni- og umhverfissviði að gera lagfæringar vegna frávíka og láta framkvæma sambærilega úttekt á öðrum leiksvæðum bæjarins.

5. 2101335 - Betri Garðabær - hugmyndasöfnun - íbúakosning 2021.

Hulda Hauksdóttir, upplýsingastjóri fór yfir verkefnalýsingu og gerði grein fyrir undirbúningi að hugmyndasöfnum verkefnisins Betri Garðabær sem mun fara fram síðari hluta febrúar og fram í byrjun mars. Íbúakosning er fyrirhuguð í maí. Gert er ráð fyrir fjárveitingu að fjárhæð 100 mkr til verkefna sem koma til framkvæmda á árunum 2021 og 2022.

6. 2101013 - Garðatorg 4 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita RA 5 ehf., kt. 590404-2410, leyfi fyrir breytingum á innra skipulagi núverandi húsnæðis að Garðatorgi 4C. (F2351679)

7. 2005183 - Hákotsvör 8 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Pétri Daníelssyni, kt. 280471-5859, leyfi til að byggja við núverandi hús að Hákotsvör 8.

8. 2011212 - Maríugata 13 - Umsókn um byggingarleyfi

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita ÞG Íbúðum ehf., kt. 600115-0220, leyfi til að byggja fjölbýlishús með 34 íbúðum að Maríugötu 13-15.

9. 2011215 - Umsögn varðandi tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu 1.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja eftirfarandi umsögn Garðabæjar vegna tillögu að matsáætlun vegna framkvæmda við Lyklafellslínu og Ísalslínu 1.

„Garðabær fagnar því að haldið sé áfram með undirbúning breytinga á flutningskerfi raforku á höfuðborgarsvæðinu sem hafa það að meginmarkmiði að flytja það fjær byggð. Megin ávinningur sveitarfélagsins verður niðurrif á háspennulínunum á útivistarsvæðum í upplandi bæjarins sem eru mikilvægur hluti þeirra búsetugæða sem Garðabær býr yfir. Í því sambandi má minna á stefnu Garðabæjar sem er sett fram í gildandi aðalskipulagi að Hnoðraholtslína verði lögð í jörð og verða þá engar loftlínur sýnilegar á útivistarsvæðum að undaskildum loftlínunum ofan Húsfells og Helgafells.

Garðabær leggur til að í umhverfismati verði valkostahugmynd Lyklafellslínu sem kallast þéttbýlisleið A bætt við sem valkosti í umhverfismatinu ásamt leiðum L (loftlína með Búrfellslínu) og J (jarðstrengur með Bláfjallavegi). Er þá horft til þátta eins og vatnsverndar og hættu af náttúruhamförum, sér í lagi eldsumbrotum í Brennisteinsfjalla- og Krísvíkurkerfi. Vissulega yrði þá flutningskerfið nær byggð ef sú leið yrði fyrir valinu en leiðin samkvæmt hugmyndinni fylgir Flóttamannavegi (Ellidavatnsvegi) að mestum hluta og er það sú leið sem líkleg er að Hnoðraholtslína myndi fylgja þegar hún verður lögð í jörð. Ennfremur er bent á að Garðabær vinnur nú að friðlýsingu Urriðakotshrauns sem fólkvangs í samvinnu við landeigendur og Umhverfisstofnun. Æskilegt væri að þess verði getið í matsáætlun og þeim matsskýrslum sem nú verða unnar. Sú staða hefur áhrif á vinsun valkostahugmynda um loftlínur eða jarðstreng þvert yfir hraunið.“

10. 1804081 - Bréf Skátafélagsins Vífils um viðbótarstuðning vegna lokaframkvæmda við útilífsmiðstöðina í Heiðmörk, dags. 28.01.21.

Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá bæjarstjóra.

11. **1804081 - Bréf Skátafélagsins Vífils varðandi stuðning við innréttingar og innbú í útilffsmiðstöðina í Heiðmörk, dags. 28.01.21.**
Bæjarráð vísar bréfinu til nánari skoðunar hjá bæjarstjóra.

12. **2010511 - Bréf Garðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2021, dags. 29.10.21.**
Bæjarráð samþykkir að veita Garðasókn styrk að fjárhæð kr. 1.090.381 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.

13. **2101420 - Bréf Bessastaðasóknar um niðurfellingu fasteignagjalda árið 2021, dags. 21.01.21.**
Bæjarráð samþykkir að veita Bessastaðasókn styrk að fjárhæð kr. 298.925 til greiðslu fasteignagjalda árið 2021.

14. **2101428 - Tilkynning frá heilbrigðisráðuneytinu um skýrslu starfshóps varðandi tillögur að heilsuefningu eldri borgara, dags. 25.01.21.**
Lögð fram og vísað til kynningar í fjölskylduráði, öldungaráði og íþróttá- og tómstundaráði.

15. **2101446 - Bréf Sambands íslenskra sveitarfélaga varðandi boðun XXXVI landsþings, dags. 26.01.21.**
Lagt fram.

16. **2012193 - Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, dags. 25.01.21.**
Ingvar Arnarson, fjallaði um umsögnina og lagði fram eftirfarandi bókun.

„Ég sem bæjarfulltrúi geri alvarlegar athugasemdir við þau vinnubrögð sem hafa verið viðhöfð við gerð þessarar umsagnar. Umsögn þessi var send út áður en að stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga fjallaði um hana. Þegar þessi umsögn var síðan loksins lögð fyrir stjórn Sambandsins gerðu fimm af níu stjórnarmönnum er sátu fundinn athugasemdir við umsögnina, samt sem áður er hún send út óbreytt og án bókana og athugasemda sem gerðar voru á stjórnarfundum. Þessi vinnubrögð eru með öllu óboðleg.“

Bæjarstjóri fjallaði um umsögnina og framlagða bókun. Gerði hann grein fyrir að hann hafi ekki setið fund stjórnar Sambandsins þar sem umsögnin var tekin fyrir. Bæjarstjóri upplýsti að hann muni kynna framlagða bókun í stjórn Sambandsins.

Almar Guðmundsson, fjallaði um umsögnina og framlagða bókun.

17. **2101414 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða (atvinnu- og byggðakvótar o.fl.), 418. mál., dags. 22.01.21.**
Lagt fram.

18. **2101416 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum um stjórn fiskveiða, 419. mál., dags. 22.01.21.**
Lagt fram.

19. **2101448 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, 370. mál., dags. 26.01.21.**
Lagt fram.

20. 2101518 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum og lögum um tekjustofna sveitarfélaga (lágmarksíbúafjöldi sveitarfélags), 378. mál., dags. 28.01.21.

Lagt fram.

21. 2101517 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um heimild sveitarfélaga til að innheimta umhverfisgjöld, 121. mál., dags. 28.01.21.

Lagt fram.

22. 2101512 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um kostnað vegna auglýsinga.

Bæjarráð felur bæjarstjóra að svara fyrirspurninni.

23. 2011450 - Fyrirspurn Garðabæjarlistans um vöru- og þjónustukaup 2020.

Lagður fram listi yfir kaup á vöru og þjónustu frá stærstu birgjum á árinu 2020.

24. 2101523 - Viðauki við samning um notkun beitarhólfs við Krísuvíkurbjarg.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja viðauka við samning um notkun á beitarhólfi við Krísuvíkurbjarg, dags. 9. mars 2018.

25. 2006465 - Dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli Elbu ehf. gegn Garðabæ, mál nr. E-16652020.

Lagður fram dómur Héraðsdóms Reykjaness í máli Elbu ehf. gegn Garðabæ. Í dómsorði kemur fram að Garðabær er sýkn af kröfum stefnanda í málinu.

Fleira ekki gert.,

Undirritun á næstu síðu.

Í lok fundar var fundargerð lesin upp og samþykkt. Fundargerðin verður send fundarmönnum í tölvupósti og undirrituð með rafrænni undirskrift.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)

Fjölskylduráð Garðabæjar

1. fundur 2021

Miðvikudaginn 20. janúar 2021 kl. 16:00 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigbrúður Ármann aðalmaður, Bryndís Björk Ásgeirsdóttir aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Berglind B Sveinbjörnsdóttir ráðgjafi í barnavernd.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2012253 - Bréf Velferðarvaktarinnar um tillögur til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19

Mál nr. 2012253 lagt fram til kynningar. Farið hefur verið yfir tillögurnar í starfshópi til að tryggja eftirfylgd með stöðu barna vegna COVID-19, á starfsmannafundi fjölskyldusviðs 18.01.2021. Einnig munu tillögurnar verða til umræðu á næsta fundi stjórnenda í velferðarþjónustu á höfuðborgarsvæðinu þar sem ræddar verða leiðir til að koma til móts við þær tillögur sem eiga við sveitarfélögin.

2. 2012385 - Drög að fundaskipulagi Fjölskylduráðs og nefnda 2021

Mál nr. 2012385, drög að fundaskipulagi Fjölskylduráðs og nefnda 2021, lagt fram til kynningar og umræðu.

3. 1903268 - Tölulegar upplýsingar og rannsóknir í barnavernd og fjárhagsaðstoð 2016-2021

Tekið er fyrir mál nr. 1903268, tölulegar upplýsingar er varða velferð barna og fjölskyldna. Fjallað var um málið og helstu upplýsingar.

4. 2012270 - Stuðningsfjölskylda í barnavernd

Tekið er fyrir mál nr. 2012270, úttekt vegna umsóknar um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda. Fyrir liggur greinargerð ráðgjafa í barnavernd. Fjölskylduráð Garðabæjar mælir með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

5. 1905348 - Stuðningsfjölskylda í barnavernd

Tekið er fyrir mál nr. 1905348, beiðni einstaklings um úttekt vegna umsóknar um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda. Fyrir liggur greinargerð ráðgjafa í barnavernd. Fjölskylduráð Garðabæjar mælir með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

6. 2012129 - Beiðni um úttekt á stuðningsfjölskyldu

Tekið er fyrir mál nr. 2012129, beiðni Keðjunnar um úttekt vegna umsóknar um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda. Fyrir liggur greinargerð ráðgjafa í barnavernd. Fjölskylduráð Garðabæjar mælir með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

7. 1909113 - Barnaverndarmál

Tekið er fyrir mál nr. 1909113, úttekt vegna umsóknar um leyfi til að gerast stuðningsfjölskylda. Fyrir liggur greinargerð ráðgjafa í barnavernd, Sigurðar Garðars Flossasonar, sem sat fundinn undir þessum lið. Fjölskylduráð Garðabæjar mælir með útgáfu stuðningsfjölskylduleyfis til umsækjenda. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundarins.

8. 2101128 - Umsókn um fjárhagsaðstoð trygging húsaleigu

Tekið er fyrir mál nr. 2101128 umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

9. 2011162 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2011162 umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

10. 2012119 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2012119 umsókn um námsstyrk. Fjölskylduráð fjallar um málið og synjar að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

11. 2011299 - Umsókn um fjárhagsaðstoð skólabyrjun

Tekin eru fyrir mál nr. 2011299 og nr. 2011296 áfrýjanir vegna synjunnar á veitingu fjárhagsaðstoðar. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir tvo liði erindisins en synjar öðrum. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

12. 2011506 - Umsókn um fjárhagsaðstoð desember

Tekið er fyrir mál nr. 2011506 umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

13. 2012324 - Umsókn um fjárhagsaðstoð

Tekið er fyrir mál nr. 2012324 umsókn um styrk til greiðslu tryggingar húsaleigu. Fjölskylduráð fjallar um málið og samþykkir að verða við erindinu. Nánar er bókað um málið í trúnaðarmálahluta fundargerðarinnar.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Fjölskylduráð Garðabæjar 2. fundur 2021

Þriðjudaginn 26. janúar 2021 kl. 16:30 kom fjölskylduráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson formaður, Bjarni Theódór Bjarnason aðalmaður, Sigprúður Ármann aðalmaður, Harpa Þorsteinsdóttir aðalmaður, Kristín Einarsdóttir varamaður, Hildigunnur Árnadóttir félagsráðgjafi og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Árnadóttir, umsjónarfélagsráðgjafi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2101367 - Upplýsingafundur ÍTG og Fjölskylduráðs

Mál nr. 2101367 lagt fram til kynningar og umræðu. Farið var yfir forvarnamál og stöðu ýmissa mála sem tengjast forvörnum og viðbrögðum við stöðu einstaklinga og hópa.

Kynntar voru breytingar á starfsmannahaldi sviða og á bæjarskrifstofu. Eineltisáætlanir eru í endurskoðun, undirbúningur íbúðingum með Vöndu Sigurgeirsdóttur stendur yfir.

Forvarnaáætlun er í kynningu til almennings sem getur komið athugasemdum á framfæri. Komið var inn á samstarfsaðila, forvarnavikuna með Ungmennaráði, átak í hvatapeningum 16-18 ára. Harpa Þorsteinsdóttir spurði um kynjaskiptingu nýtingar hvatapeninganna.

Samstarf félagsmiðstöðvanna - Götuvaktin, sumaropnun, rafrænt ungmennahús ofl. Stutt kynning á hlutverki starfshóps um stöðu barna í Covid-19 í Garðabæ.

UNICEF og innleiðing Barnasáttmála Sp. Gunnar Richardson er starfsmaður hópsins.

Innleiðing Heimsmarkmiða Sp um sjálfbæra þróun - Sunna Sigurðardóttir er starfsmaður hópsins.

Barnaverndin - Hildigunnur Árnadóttir fór yfir helstu áherslur í starfi barnaverndar og á hvaða forsendum mál eru unnin. Ekki sem forvarnir heldur viðbragð við bágrri stöðu barna þegar vægari úrræði hafa ekki borið árangur.

Verkefnið Velferð barna í Garðabæ kynnt, markmið þess og tilgangur.

Heilsueflandi samfélag, HSAM og gátlistar Embættis Landlæknis - Kári og Eiríkur Björn eru í samstarfshópi Embættis Landlæknis.

Ungmennaráð Garðabæjar, Tómas Þór Jacobsen forstöðumaður Félagsmiðstöðarinnar Klakans.

Félags og tólmundastarf eldri borgara - Svanhildur Þengilsdóttir veitir þeim málaflokki forstöðu. Starfið er að fara aftur í gang eftir hlé síðan í 1. bylgju Covid-19.

Hlutverk nefndarfólks og fyrirspurnir til starfsmanna - Áréttað var að opinberar fyrirspurnir fari formlegar leiðir í gegnum nefndirnar og þeim svarað á þeim vettvangi.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar 26. fundur 2021

Miðvikudaginn 6. janúar 2021 kl. 16:00 kom íþróttá- og tómstundaráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður, Kári Jónsson íþróttá-,tómstunda- og forvarnarfulltrúi og Gunnar Richardson tómstundafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi.

Fundurinn var með fjarfundarsniði á Teams forritinu.
Megin verkefni fundarins er val á íþróttamanni Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2011287 - Íþróttahátíð íþrm ársins 2020

Íþróttahátíð Garðabæjar 2021 fer fram í Sveinatungu sunnudaginn 10. janúar og verður send út á vef bæjarins.

ÍTG hefur samþykkt að veita eftirfarandi viðurkenningar:

Hilmar Snær Örvarsson skíðamaður er íþróttakarll Garðabæjar 2020.

Ágústa Edda Björnsdóttir hjólreiðamaður er íþróttakona Garðabæjar2020.

Lið ársins 2020 er Stjarnan meistaraflokkur karla í körfuknattleik - Þjálfari liðsins Arnar Guðjónsson.

Þjálfarar ársins 2020 eru; Elías Jónasson, barna- og unglingsþjálfari Stjórnunnar í handknattleik og Íris Ósk Hafþórsdóttir, knattspyrnuþjálfari stúlkna hjá UMFA.

Heiðursviðurkenningar vegna starfa að íþróttá- og tómstundamálum í Garðabæ hljóta; Gunnar Jónsson GKG, Lárus Guðmundsson KFG, Þorgerður Kristinsdóttir UMFA og Ingi Þór Hermannsson Oddi.

Vegna samkomutakmarkana voru aðrar viðurkenningar veittar fyrir jól. Fyrir framúrskarandi árangur hlutu 177 viðurkenningu, fyrir árangur á erlendum vettvangi einn, þáttöku með yngri landsliðum einn og fyrir þáttöku með A-landsliði einn.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Íþróttá- og tómsfundaráð Garðabæjar

27. fundur 2021

Miðvikudaginn 27. janúar 2021 kl. 16:30 kom íþróttá- og tómsfundaráð Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Björg Fenger aðalmaður, Þorri Geir Rúnarsson aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Guðrún Jónsdóttir aðalmaður, Guðjón Pétur Lýðsson aðalmaður og Kári Jónsson íþróttá-, tómsfundaráðs- og forvarnarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Kári Jónsson, íþróttá-, tómsfundaráðs- og forvarnarfulltrúi.

Fundurinn er sameiginlegur upplýsingafundur ÍTG og fjölskylduráðs Garðabæjar um mál sem snerta forvarnir og fleira sem bæði ráðin koma að.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2101367 - Upplýsingafundur ÍTG og Fjölskylduráðs

Mál nr. 2101367 lagt fram til kynningar og umræðu. Farið var yfir forvarnamál og stöðu ýmissa mála sem tengjast forvörnum og viðbrögðum við stöðu einstaklinga og hópa.

Kynntar voru breytingar á starfsmannahaldi sviða og á bæjarskrifstofu. Eineltisáætlanir eru í endurskoðun, undirbúningur íbúafings með Vöndu Sigurgeirsdóttur stendur yfir.

Forvarnaáætlun er í kynningu til almennings sem getur komið athugasemdum á framfæri. Komið var inn á samstarfsaðila, forvarnavikuna með Ungmennaráði, átak í hvatapeningum 16-18 ára. Harpa Þorsteinsdóttir spurði um kynjaskiptingu nýtingar hvatapeninganna.

Samstarf félagsmiðstöðvanna - Götuvaktin, sumaropnun, rafrænt ungmennahús o.fl. Stutt kynning á hlutverki starfshóps um stöðu barna í Covid-19 í Garðabæ.

UNICEF og innleiðing Barnasáttmála S.þ. Gunnar Richardson er starfsmaður hópsins.

Innleiðing Heimsmarkmiða S.þ. um sjálfbæra þróun - Sunna Sigurðardóttir er starfsmaður hópsins.

Barnaverndin - Hildigunnur Árnadóttir fór yfir helstu áherslur í starfi barnaverndar og á hvaða forsendum mál eru unnin. Ekki sem forvarnir heldur viðbragð við bágrri stöðu barna þegar vægari úrræði hafa ekki borið árangur.

Verkefnið Velferð barna í Garðabæ kynnt, markmið þess og tilgangur.

Heilsueflandi samfélag, HSAM og gátlistar Embættis Landlæknis - Kári og Eiríkur Björn eru í samstarfshópi Embættis Landlæknis.

Ungmennaráð Garðabæjar, Tómas Þór Jacobsen forstöðumaður Félagsmiðstöðvarinnar Klakans.

Félags og tómsfundastarf eldri borgara - Svanhildur Þengilsdóttir veitir þeim málaflokki forstöðu. Starfið er að fara aftur í gang eftir hlé síðan í 1. bylgju Covid-19.

Hlutverk nefndarfólks og fyrirspurnir til starfsmanna - Áréttað var að opinberar fyrirspurnir fari formlegar leiðir í gegnum nefndirnar og þeim svarað á þeim vettvangi.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
20. fundur 2021

Miðvikudaginn 20. janúar 2021 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Kristjana F Sigursteinsdóttir aðalmaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Valborg Ösp Á. Warén aðalmaður, Halldóra Pétursdóttir leikskólafulltrúi, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningar sviðs, Ásta Kristín Valgarðsdóttir fulltrúi leikskólastjóra, Benedikt D. Valdez Stefánsson fulltrúi foreldra og Ína Sigrún Þórðardóttir varafultrúi starfsmanna.

Fundargerð ritaði: Halldóra Pétursdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2012253 - Bréf Velferðarvaktarinnar um tillögur til ríkis og sveitarfélaga í mótvægisáðgerðum vegna COVID-19

Leikskólanefnd var upplýst um stöðu á leikskólum með tilliti til tillagna Velferðarvaktarinnar.

2. 2101104 - Nýting á dvalartíma leikskólabarna

Umræður voru um styttingu vinnuvikunnar, áhrif hennar á lengd dvalartíma hjá börnum og opnunartíma leikskóla. Leikskólanefnd leggur til við bæjarstjórn að skoða opnunartíma leikskóla og dvalartíma barna með tilliti til þess að stytta seldan tíma.

3. 2101105 - Öryggismál í leikskólum

Rætt var um öryggisúttektir á lóðum leikskóla og eftirfylgd með þeim. Sviðsstjóra og leikskólafulltrúa var falið að kanna hve oft reglubundnar úttektir ættu sér stað og upplýsa um það á næsta fundi nefndarinnar.

4. 2001218 - Endurgerð menntastefnu

Leikskólanefnd var upplýst um undirbúning að endurgerð menntastefnu og tímalínuna sem verkefninu er gefin.

5. 2010253 - Nýr leikskóli í Urriðaholti

Formaður leikskólanefndar greindi frá undirbúningsvinnu vegna byggingar nýs leikskóla í Urriðaholti.

6. 2101106 - Breytingar á rekstri Urriðaholtsskóla v/fjölgunar barna

Leikskólafulltrúi veitti upplýsingar um breytingar á rekstrarumhverfi Urriðaholtsskóla næsta skólaár þar sem mikil fjölgun verður á börnum á leikskólastigi og nýr leikskóli ekki kominn í notkun.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Skólanefnd grunnskóla Garðabæjar
27. fundur 2021

Miðvikudaginn 20. janúar 2021 kl. 16:00 kom skólanefnd grunnskóla Garðabæjar saman til fundar Fundurinn er haldinn með fjarfundarbúnaði.

Fundinn sátu: Sigríður Hulda Jónsdóttir aðalmaður, Jóhann Steinar Ingimundarson aðalmaður, Lilja Hrund Ava Lúðvíksdóttir aðalmaður, Sturla D Þorsteinsson aðalmaður, Sara Dögg Svanhildardóttir aðalmaður, Eiríkur Björn Björgvinsson forstöðumaður fræðslu- og menningarsviðs, Erna Ingibjörg Pálsdóttir fulltrúi skólastjóra, Silja Kristjánsdóttir fulltrúi kennara, Hjörtur Jónsson fulltrúi foreldra og Edda Björg Sigurðardóttir grunn- og tónlistarskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi Garðabæjar.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2010052 - Kórónaveira-COVID 19

Farið yfir stöðuna í grunnskólum Garðabæjar síðustu daga og vikur og fyrirkomulag í skólum vegna gildandi sóttvarnarreglna. Lögð var fram samantekt skólaskrifstofu um skólastarf á tímum Covid á skólaárinu. Skólanefnd þakkar starfsfólki grunnskóla bæjarins fyrir fagmennsku og lausnarmiðað starf.

2. 2101176 - Þróunarsjóður grunnskóla 2021

Rætt um mögulegar áherslur sjóðsins. Kjörnum fulltrúum og skóladeild er falið að fullmóta tillögur.

3. 2101175 - Ráðning skólastjóra

Sesselja Þóra Gunnarsdóttir er settur skólastjóri frá 31.7. 2020 - 31.7.2021. Staðan verður auglýst í febrúar.

4. 2012042 - Skólastefna Garðabæjar 2020

Formaður kynnrir undirbúning að endurskoðun menntastefnu.

5. 2101177 - Erindi til skólanefndar

Skólanefnd fór yfir erindið og ræddi. Málinu vísað til fræðslustjóra sem mun svara erindinu.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

HEILBRIGÐISEFTIRLIT HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

262. fundur heilbrigðisnefndar 25. janúar 2021

Fundargerð

Fundurinn var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis mánudaginn 25. janúar á skrifstofu heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 5 í Garðabæ. Fundurinn hófst kl.16:30 og var fundurinn jafnframt fram með rafrænum hætti í samræmi við fyrri samþykktir nefndarinnar. Mættir voru nefndarmenn auk starfsmanna, Páls Stefánssonar og Harðar Þorsteinssonar sem jafnframt ritaði fundargerð.

Skipulagsmál

1.1. Umsögn um Urriðaholt, tillaga að deiliskipulagi Urriðaholt Norðurhluti 4.

Lagt fram erindi frá skipulagsstjóra Garðabæjar, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á Aðalskipulagi 2016-2030 og tillögu að deiliskipulagi Urriðaholts Norðurhluti 4. Tillagan nær til svæðis norðan við Urriðaholtsstræti og er markmið aðalskipulagsbreytingarinnar að setja fram á skýran hátt að íbúðabyggð er heimil á því svæði sem vísað er til ásamt atvinnuhúsnæði.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030, Urriðaholt og tillögu að deiliskipulagi norðurhluta Urriðaholts, en vekur athygli á að þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð atvinnufyrirtækja og íbúðarbyggðar að þar séu gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar.

1.2. Umsögn um Selhraun Suður.


Lagt fram erindi frá Umhverfis- og skipulagssviði Hafnarfjarðar, þar sem óskað er umsagnar um tillögu að breytingu á gildandi aðalskipulagi Hafnarfjarðar þar sem stefnt er að því að breyta landnotkun fyrir lóðirnar Norðurhelli 13-15-17-19 og Suðurhelli 12-14 í blandaða byggð atvinnu- og íbúðarhúsnæðis.




Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar, þ.e. breyttri landnotkun Selhrauns suður. Heilbrigðisnefnd vekur þó athygli á að þar sem gert er ráð fyrir blandaðri byggð atvinnufyrirtækja og íbúðarbyggðar að þar séu gerðar séu ítarlegar kröfur til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s. vegna lyktar- og hljóðmengunar. Þá vekur heilbrigðisnefnd jafnframt athygli á að við breyta landnotkun þar sem framboð íbúðarhúsnæðis er aukið frá núverandi skipulagi er mikilvægt að huga að göngustígum og hjólastígum og tenging þeirra verði sem öruggust að þeim samgöngumannvirkjum sem tengjast annarri starfsemi á svæðinu.

1.3. Umsögn um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024, Hamraborg – miðbær, Fannborgarreitur og Traðarreitur vestur.

Lagt fram erindi frá skipulagsstjóra Kópavogs þar sem Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis er gefin kostur á að veita umsögn um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2012-2024 Hamraborg – miðbær, Fannborgarreit og Traðarreit vestur.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaðar breytingar að öðru leyti en nefndin hefur bókað áður á vinnslustigi þessara skipulagsbreytinga. Þar hefur verið vakin athygli á mikilvægi þess að ítarlegar kröfur séu gerðar til atvinnuhúsnæðis með hliðsjón af mengun, s.s.

 S.M.G. 1

vegna lyktar- og hljóðmengunar. Að starfsemi þar sé ekki að valda íbúum, öðrum nágrönnum og vegfarendum ónæði eða tjóni. Jafnframt hefur heilbrigðisnefnd vakið athygli á að gera verði ítarlegar kröfur á framkvæmdatíma um hljóðvarnir og að framkvæmdaraðilum verði gert að kynna fyrir íbúum nærliggjandi svæða tímalengd framkvæmda í samræmi við ákvæði reglugerðar um hávaða.

Jafnframt hefur heilbrigðisnefnd vakið athygli á að mikilvægt sé að samhliða uppbyggingu svæðisins verði kynntar mótvægisáðgerðir ef niðurstaða hljóðvistar er ekki í samræmi við ákvæði áðurnefndrar reglugerðar.

2 Starfsleyfi

Garðabær

2.1 Bæjargil 77, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Gunnars Inga Svanssonar, f.h. CIN CIN ehf., kt. 640820-1440, dags. 08.01.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Bæjargili 77, Garðabæ. Dreifing frá Gorilla Vöruhúsi. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.12.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt.

2.2 Hellagata 12, Garðabær – dreifing matvæla

Lögð fram umsókn Jóhönnu Dóru Ingólfssdóttur, f.h. Veraldarvín ehf., kt. 530121-1350, dags. 13.01.2021, þar sem sótt er um leyfi fyrir dreifingu matvæla. Lögheimili að Hellagötu 12, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla­reglugerða er starfsleyfi samþykkt með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa og að fyrir liggja staðfesting á samningi um hýsingu vörulagers.

2.3 Litlatún 1, Garðabær – smurstöð

Lögð fram umsókn Braga Þorsteinssonar, f.h. Smurstöðin Garðabæ ehf., kt. 431202-3790, dags. 10.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir smurstöð að Litlatúni 1, Garðabæ.

Fasteignanr. 2314233. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.22.01.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.


2.4 Litlatún 3, Garðabær – dreifing matvæla



Lögð fram umsókn Hákonar Bjarkasonar, f.h. Pizzan ehf., kt. 681016-1200, dags. 03.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir pizzustað að Litlatúni 3, Garðabæ.

Fasteignanr. 2305334. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 23.12.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

 SMG 2

Hafnarfjörður

2.5 Álhella 1, Hafnarfjörður - sorphirða og flutningur úrgangs

Lögð fram umsókn Jörgens Þórs Þráinssonar, f.h. HP Gámar ehf., kt. 490195-2039, dags. 18.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til sorphirðu/flutningi úrgangs og starfstöð að Álhelli 1, Hafnarfirði. Fasteignanr. 122107. Ný starfsemi.

Samkvæmt aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, er gildandi deiliskipulag fyrir Álhelli 1, lóð fyrir varaafstöð Landsvirkjunar. Skipulags-og byggingarráð Hafnarfjarðar hefur auglýst tillögu að breyttu deiliskipulagi lóðarinnar og er umsagnarfrestur og auglýsingafrestur ekki liðinn. Umsókn um starfsleyfi fyrir leyfi til sorphirðu/flutnings úrgangs auk starfsstöðvar er frestað þar til fyrir liggur heimild til starfseminnar samkvæmt gildandi skipulagi.

2.6 Bæjarhraun 16, Hafnarfjörður - veitingastaður, framleiðslueldhús

Lögð fram umsókn Evu Rúnar Jensdóttur, f.h. Cooking Harmony ehf., kt. 421220-0340, dags. 02.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar og framleiðslueldhús, að Bæjarhrauni 16, Hafnarfirði. Fasteignanr.2074273. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.08.01.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.12.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt.

2.7 Cuxhavengata 1, Hafnarfjörður - matvælavinnsla

Lögð fram umsókn Jóns Garðars Sigurvinssonar f.h. Fresh ehf., kt. 570805-0290, dags. 06.07.2020 þar sem sótt er um leyfi til matvælavinnslu að Cuxhavengötu 1, Hafnarfirði. Fasteignanr.: 2504707.

Ný starfsemi/eigendaskipti

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 13.07.2020.

Eftirlitsskýrsla dags. 14.01.2021

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar og lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.8 Fjarðargata 11, Hafnarfjörður - veitingastaður

Lögð fram umsókn Þórarins Ævarssonar, f.h. Spaðinn ehf., kt. 491019-0930, dags. 11.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar, að Fjarðargötu 11, Hafnarfirði. Fasteignanr.2074755. Ný starfsemi.


Eftirlitsskýrsla dags. 23.12.2020.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 15.12.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 04.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.9 Flatahraun 3, Hafnarfjörður - kennslustaður

Lögð fram umsókn Guðbjargar Björnsdóttur, f.h. Saga – Story House ehf., kt. 510119-0100, dags. 18.12.2020, þar sem sótt er um leyfi fyrir kennslustaður (félagsaðstaða), að Flatahrauni 3, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2252272. Ný starfsemi.

 SMG 3





Eftirlitsskýrsla dags.05.01.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 06.01.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára, með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.10 Háibakki, vélsmiðja flotkví, Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Eiríks Orms Víglundssonar, f.h. Vélsmiðju Orms og Víglundar ehf., kt. 480998-2789, dags. 15.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélsmiðju við Háabakka í Hafnarfjarðarhöfn, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.25.01.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lögbundna kynningu á drögum að starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum.

2.11 Háholt 17, Hafnarfjörður - leikskóli

Lögð fram umsókn Ingu Línal, f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt. 590169-7579, dags. 07.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla, Álfasteinn, að Háholti 17, Hafnarfirði. Fasteignanr. 2246327. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.22.01.2021.

Með vísun til ákvæða hollustuhátta- og matvælaeiglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.12 Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfjörður

Lögð fram umsókn Hafþórs Hafdal Jónssonar f.h. Hafdal ehf., kt. 560192-2749, dags. 08.01.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskverkunar að Hvaleyrarbraut 2, Hafnarfirði. Fasteignanr.2076187. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.13 Kaplahraun 11, Hafnarfjörður - bifreiðaverkstæði

Lögð fram umsókn Tomasz Suplicki, f.h. Bílabúið ehf., kt. 560620-1950, dags. 18.01.2021, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðaverkstæðis og bílapartasölu að Kaplahrauni 11, Hafnarfirði. Fasteignanr.2076795. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 21.01.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 21.01.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og með fyrirvara um samþykkt notkun fasteignar.

2.14 Suðurhella 2b, Hafnarfjörður – bensínstöð

Lögð fram umsókn Jóns Árna Ólafssonar, f.h. Olíuverslunar Íslands., kt. 500269-3249, dags. 15.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir bensínstöð að Suðurhella 2b, Hafnarfirði. Fasteignanr.2320522. Endurnýjun.

Eftirlitsskýrsla dags.21.01.2021.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

 SMG 4





Kópavogur

2.15 Dalvegur 20, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Vífils Ingimarssonar, f.h. Skeljungur hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun, Kvikk on the go, að Dalvegi 20, Kópavogi.

Fasteignanr. 2059493. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.16 Hagasmári 9, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn Vífils Ingimarssonar, f.h. Skeljungur hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvöruverslun, Kvikk on the go, að Hagasmára 9, Kópavogi.

Fasteignanr. 2235241. Eigendaskipti.

Eftirlitsskýrsla dags. 30.10.2020.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.17 Holtasmári 1, Kópavogur – tannlæknastofa

Lögð fram umsókn Elísu K. Arnarsdóttur, f.h. Dondaví slf., kt. 580811-0350 dags. 04.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir tannlæknastofu að Holtasmára 1, Kópavogi. Fasteignanr. 2441742. Ný starfsemi.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.12.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 08.12.2020.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2021.

Með vísun til ákvæða reglugerðar um hollustuhætti nr. 941/2002 m.s.b. og reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

2.18 Hæðasmári 6, Kópavogur – veitingastaður

Lögð fram umsókn Hlal Jarah, f.h. Halal ehf., kt. 490911-1540, dags. 06.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir veitingastað að Hæðasmára 6, Kópavogi.

Fasteignanr. 2235245. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags.(er í skoðun)

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 07.01.2021. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 08.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.19 Kársnesbraut 96a, Kópavogur – framleiðsla snyrtivara



Lögð fram umsókn Inmaculada Asangono ondo, kt. 260999-3709, f.h. Equasbeauty, dags. 11.12.2020, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu snyrtivara að Kársnesbraut 96a, Kópavogi.

Fasteignanr.2063091. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 22.01.2021.

Bréf sent byggingafulltrúa dags. 11.12.2020. Jákvætt svar frá byggingafulltrúa dags. 11.12.2020.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára.



2.20 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Önnu Mörtu, f.h. Inan ehf., kt. 691105-0670, dags. 01.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Breyting á rekstraraðila. Eftirlitsskýrsla dags. 03.09.2020.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032.

2.21 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Rebecca Caroline Kent, f.h. The Grumpy Whale kt. 611220-0650, dags. 09.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 11.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032.

2.22 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Nur Homola, kt. 191191-3589, dags. 14.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi. Eftirlitsskýrsla dags. 20.01.2021.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032.

2.23 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Barbara Koch, kt. 040489-4609, f.h. Yummy, dags. 14.12.2020, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.24 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Þóris Bergssonar, f.h. Ó ehf., (Sælkerabúðin Bergsson) kt. 550420-0580, dags. 11.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.01.2021.


Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032, með fyrirvara um lokaúttekt heilbrigðisfulltrúa.

2.25 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Ritu Didriksen, f.h. Roga ehf., kt. 590410-0390, dags. 21.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaeaglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.



2.26 Nýbýlavegur 8, Kópavogur – framleiðsla matvæla

Lögð fram umsókn Einars Karls Birgissonar, f.h. Ketó eldhúsið ehf., (AB 822 ehf) kt. 671120-1670, dags. 18.01.2021, þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir matvælaframleiðslu að Nýbýlavegi 8, Kópavogi.

Starfsemin fer fram í húsnæði Eldstæðisins. Fasteignanr. 2064397. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvælaireglugerða er mælt með starfsleyfi til 28.06.2032, með fyrirvara um úttekt heilbrigðisfulltrúa.

3 Umsagnir

Hafnarfjörður

3.1 Vesturgata 4, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.12.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Benevents ehf., kt. 500216-0690, þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi í tilefni jólaþorps á Thorsplani, Hafnarfirði frá 11. – 13. desember frá kl. 12.00 – 18.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

3.2 Vesturgata 4, Hafnarfjörður – samkoma, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu dags. 01.12.2020, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Benevents ehf., kt. 500216-0690, þar sem sótt er um tímabundið tækifærisleyfi í tilefni jólaþorps á Thorsplani, Hafnarfirði frá 18. – 20. desember frá kl. 12.00 – 18.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

4 Tóbaksleyfi

4.1 Litlatún 1, Garðabær – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Skeljung hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk on the go, Litlatúni 1, Garðabæ.

Leyfisveiting staðfest.

4.2 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Skeljung hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk on the go, Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði.

Leyfisveiting staðfest.

4.3 Dalvegur 20, Kópavogur – matvöruverslun



Lögð fram umsókn fyrir Skeljung hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk on the go, Dalvegi 20, Kópavogi.

Eftirlitsskýrsla dags. 19.01.2021.

Leyfisveiting staðfest.

4.4 Hagasmári 9, Kópavogur – matvöruverslun

Lögð fram umsókn fyrir Skeljung hf., kt. 590269-1749, dags. 07.12.2020 þar sem sótt er um tóbaksleyfi fyrir Kvikk on the go, Hagasmára 9, Kópavogi.



5 Fundargerðir

- 5.1. Lögð fram til kynningar, fundargerð Umhverfisgæðahóps frá 27.11.2020.
- 5.2. Lögð fram til kynningar, fundargerð Umhverfisgæðahóps frá 16.12.2020.
- 5.3. Lögð fram til kynningar, fundargerð framkvæmdastjórnar um vatnsvernd höfuðborgarsvæðisins frá 22.10.2020.
- 5.4. Lögð fram til kynningar, aðalfundargerð SHÍ frá 28.10.2020.
- 5.5. Lögð fram til kynningar, fundargerð hollustuháttarhóps frá 16.11.2020.

6. Önnur mál

6.1. *Breytingar á gildistíma starfsleyfa fyrir matvælafyrirtæki*

Með samþykkt laga nr. 101/2020 um breytingu á lögum um matvælafyrirtæki nr.93/1995 var fellt út ákvæði um gildistíma starfsleyfa. Fyrirtæki sem eingöngu eru starfsleyfisskyld skv. lögum nr.93/1995 um matvælaöryggi og regluverk byggt á þeim, fá því ótímabundin starfsleyfi. Fyrirtæki sem eru starfsleyfisskyld skv. lögum 93/1995 en eru einnig með starfsemi sem fellur undir starfsleyfisskyldur ákvæða laga nr.7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og regluverk byggt á þeim, fá útgefin tímabundin starfsleyfi.

6.2. *Umsögn um undanþágu frá starfsleyfi vegna flugeldasýninga.*


Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði, Umhverfis- og auðlindaráðuneytis þar sem óskað var eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis á framkomnum beiðnum til ráðuneytisins um undanþágu frá starfsleyfum vegna flugeldasýninga frá Hjálparsveit skáta í Garðabæ, Björgunarsveit Hafnarfjarðar og Hjálparsveit skáta í Kópavogi. *Umsögn heilbrigðiseftirlitsins var jákvæð að gefnum þeim forsendum fylgt sé starfsleyfisskilyrðum sem gilda um flugeldasýningar og tilmælum yfirvalda varðandi sóttvarnir.*

6.3. *Umsögn um hæsnahald á lóð heilsuskólans Urðarhóls.*

Lagt fram erindi frá umhverfis- og skipulagssviði, Umhverfis- og auðlindaráðuneytis, þar sem óskað var eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis um hvort veita eigi undanþágu frá ákvæðum reglugerðar nr.941/2002 um hollustuhætti sem kveður á um að óheimilt sé að halda dýr inn í húsrými eða lóðir skóla. *Umsögn heilbrigðiseftirlitsins var jákvæð og telur eftirlitið ólíklegt að hæsnahald á lóð leikskólans ógni almennt öryggi og heilbrigði barna í leikskólanum.*

6.4. *Lúnar rotþrær*

Við reglubundið eftirlit og í ábendingum sem borist hefur heilbrigðiseftirlitinu hefur komið í ljós að í einhverjum tilfellum uppfylla rotþrær við íbúðarhús ekki öll ákvæði reglugerðar um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Bæjarfélög stefna að því að fækka einkarotþróm og tengja viðkomandi hús, þar sem því verður við komið, sem fyrst við fráveitukerfi bæjarfélagana. Lúnar rotþrær, þá einkum þær sem komnar eru til ára sinna geta valdið miklum óþrifum. Húseigendur bera ábyrgð á fráveitu sinna húsa, þ.m.t. að rotþrær og siturlagnir uppfylli ákvæði reglugerða.




Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að fylgja eftir og sjá til þess að eigendur húsa með ónýt fráveitukerfi fari í nauðsynlegar úrbætur.

6.5. Loftgæði um áramót

Heilbrigðiseftirlitið fylgist með loftgæðum á eftirlitssvæðinu og eru loftgæðamælingar framkvæmdar á fjórum stöðum, Dalsmára og Lækjarbotnum í Kópavogi, Norðurhelli og Hvaleyrarholti í Hafnarfirði. Teknar hafa verið saman helstu niðurstöðutölur er varðar svifryk um áramót og birt hefur verið á heimasíðu eftirlitsins, voru loftgæði slæm og áþekk því sem mest hefur verið undanfarin áramót.

Í ljósi mælinga hefur Heilbrigðisnefnd áhyggjur af áhrifum á heilsufar viðkvæmra hópa og hvetur til þess að notkun flugelda um áramót verði endurskoðuð með það að leiðarljósi að minnka svifryksmengun.

Fundurinn var jafnframt haldinn með fjarfundarbúnaði. Nefndarmenn staðfestu fundargerðina með undirritun sinni.



Jon Haukur Ingvason



Sigurður Grétarsson


Ingibjörg Hauksdóttir



Linda Hrönn Þórisdóttir



Gnýr Guðmundsson



Elínbjörg Ingólfsdóttir



Stjórn SSH 518. fundur

Mánudaginn 18. janúar 2021, kl. 12:00, kom stjórn SSH saman til fundar með fjarfundabúnaði.

Fundinn sátu: Ármann Kr. Ólafsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Haraldur Sverrisson, Karl M. Kristjánsson, Rósa Guðbjartsdóttir stjórnarmenn í SSH og Gunnar Einarsson formaður stjórnar. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH, og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Stjórnsýsla byggðasamlaga / málsnr. 1912001

Kynningarfundur um verkefnið fyrir borgar- og bæjarfulltrúa fór fram hinn 11. desember 2020. Farið yfir niðurstöður þeirra kynningar sem þar fór fram og formuð áframhaldandi vinnu, t.a.m. hvað varðar greiningu verkefna, stefnuráð og starfshóp um verkefnið. Fyrir liggja drög að erindisbréfi starfshóps stjórnar SSH vegna þessa verkefnis.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að óska eftir tveimur tilnefningum frá hverju sveitarfélagi í starfshópinn, einum frá meirihluta sveitarstjórnar og öðrum frá minnihluta. Stjórn felur framkvæmdastjóra að ljúka drögum að erindisbréfi starfshópsins og leggja fram með erindinu til sveitarfélaganna.

2. Áfangastaða- og markaðsstofur / málsnr. 2011009

Áframhaldandi umræða frá 516. fundar stjórnar 7. desember 2020. Inga Hlín Pálsdóttir ráðgjafi er gestur fundarins undir þessum lið. Páll Björgvin framkvæmdastjóri SSH og Inga Hlín kynna hugmyndir og upplegg varðandi samstarf um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu og uppbyggingu áfangastaðastofu. Verkefnið gæti orðið hluti af áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins 2021.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að unnið sé áfram að málinu eins og lagt er upp með í drögum að tímalínu.

3. Sóknaráætlun – Áhersluverkefni 2021 / málsnr. 1906002

Farið verður yfir stöðu áhersluverkefna sóknaráætlunar ásamt umræðu um áframhaldandi og ný verkefni sóknaráætlunar. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri og Hermann Ottósson ráðgjafi eru gestir fundarins undir þessum lið og kynna áhersluverkefni sóknaráætlunar og stöðu þeirra. Þá fer framkvæmdastjóri, Páll Björgvin, yfir hugmyndir að áhersluverkefnum ásamt tillögu



um að fjarfundur verði haldinn föstudaginn 22. janúar nk. kl: 8:30 fyrir borgar- og bæjarfulltrúa til að kynna verkefni sóknaráætlunar og möguleg næsta árs verkefni.

Niðurstaða fundar:

Umræða um verkefni sóknaráætlunar verður tekin aftur fyrir á fundi stjórnar 1.febrúar 2020. Stjórn SSH telur mikilvægt að unnin verði sameiginleg loftslagsstefna fyrir sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu
Stjórn samþykkir að halda kynningarfund fyrir kjörna fulltrúa föstudaginn 22. janúar nk.

Þá er skrifstofu SSH falið að senda skýrslu um samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu til sveitarfélaganna til kynningar og umræðu. Að umræðu lokinni verður tekin ákvörðun um næstu skref verkefnisins.

4. Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 / málsnr. 1812002

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020-2024 liggur nú fyrir, var samþykkt af svæðisskipulagsnefnd á fundi nefndarinnar 15. janúar 2020, og verður send sveitarfélögunum til afgreiðslu. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri er gestur fundarins undir þessum lið og kynnir áætlunina.

Niðurstaða fundar:

Þróunaráætlun höfuðborgarsvæðisins er lögð fram til kynningar.

5. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) / málsnr.1608006

Fyrirliggjandi er minnisblað frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. desember 2020, um stöðu mála á innleiðingu NPA haustið 2020, en umfjöllunin er gerð að beiðni stjórnar SSH, sbr. umfjöllun á 473. stjórnarfundum SSH. Jafnframt liggur fyrir yfirlit um útgjöld vegna NPA-samninga á árunum 2016-2021.

Niðurstaða fundar:

Minnisblaðið er lagt fram til kynningar. Formanni og framkvæmdastjóra falið að útfæra fund með þingmönnum höfuðborgarsvæðisins.

6. Grænbók um byggðamál / málsnr. 2101005

Grænbók um byggðamál hefur verið lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda, sbr. fyrirliggjandi tölvupóst frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, dags. 29. desember 2020 og frestur til að skila athugasemdum við hana rennur út hinn 25. janúar nk. Drög að umsögn SSH við grænbókina liggja fyrir fundinum.

Niðurstaða fundar:



Framkvæmdastjóra er falið að ljúka endanlegri umsögn á grunni þeirra draga sem nú liggja fyrir fundinum, en í þeim er lögð áhersla á mikilvægi höfuðborgarsvæðisins í byggðaáætlun.

7. Undirbúningur Borgarlínu / málsnr. 1903002

Tímabilsuppgjör vegna undirbúnings Borgarlínu fram til 30. nóvember 2020 lagt fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Tímabilsuppgjör Borgarlínu lagt fram til kynningar.

8. Samgöngusáttmálinn / málsnr. 2003010

Fyrirliggjandi er yfirlit um framlög til samgöngusáttmálann frá aðildarsveitarfélögunum frá 12. janúar 2021.

Niðurstaða fundar:

Páll Björgvin, framkvæmdastjóri SSH, fer yfir yfirlit um framlög til samgöngusáttmálans.

9. Samstarfssamningar sveitarfélaga / málsnr. 2009003

Hinn 24. ágúst sl. fengu sveitarfélögin sent erindi samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem koma fram ábendingar og athugasemdir við form og efni þartilgreindra samstarfssamninga sveitarfélaga. Fyrirliggjandi er minnisblað um skipulag og stöðu þessarar vinnu hjá SSH og sveitarfélögunum. Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH kynnir ofangreint og tillögur um næstu skref.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að verkefnið verði unnið áfram í samræmi við þær tillögur sem fram koma í minnisblaði til stjórnar, dags. 14. janúar 2021. Jafnframt verði drög að viðaukum við stofnsamninga byggðasamlaganna send stjórn SSH til kynningar með tölvupósti áður en ráðuneytið fær þau send.

10. Útboðsþing SI / málsnr. 2101003

Útboðsþing Samtaka iðnaðarins fer fram 27. janúar nk., en því er ætlað að vera vettvangur fyrir stærstu verkkaupa landsins til að kynna fyrir verktökum þau útboð sem framundan eru á árinu. Gert er ráð fyrir að verkkaupar taki upp fimm mínútna innsög sem birt verði á þinginu þar sem sagt er frá helstu framkvæmdum, fjárhæðum og áherslum. SSH mun taka þátt á þinginu og miðla



Þar upplýsingum sem safnað hefur verið frá Garðabæ, Hafnarfirði, Kópavogi, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi. Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH kynnir framangreint.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

11. Fundargerð stjórnar Sorpu bs.

Lagðar fram til kynningar ásamt fundargögnum:

Fundargerð 437. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 12. nóvember 2020.

Fundargerð 438. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 20. nóvember 2020.

Fundargerð 439. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 27. nóvember 2020.

Fundargerð 440. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 8. desember 2020.

Fundargerð 441. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 16. desember 2020.

Fundargerð 442. fundar stjórnar Sorpu bs. hinn 30. desember 2020.

12. Fundargerðir byggðamálaráðs

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 12. fundar byggðamálaráðs hinn 19. nóvember 2020.

Fundargerð 13. fundar byggðamálaráðs hinn 3. desember 2020.

13. Fundargerðir stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 66. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál 7. desember 2020.

14. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar Norðurlandi eystra

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 19. fundar, hinn 9. desember 2020.

15. Fundargerðir stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra

Lögð fram til kynningar:

Fundargerð 61. fundar, hinn 1. desember 2020.

16. Fundargerðir stjórnar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Lagðar fram til kynningar:

Fundargerð 565. fundar, hinn 4. desember 2020.



Fundargerð aðalfundar Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga, hinn 29. og 30. október 2020.

17. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Lögð fram til kynningar:
Fundargerð 892. fundar, hinn 11. desember 2020.

18. Byggðasamlögin – Framlag til reksturs almenningssamgangna / málsnr. 1911002

Lagt fram til kynningar bréf SSH til samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, dags. 13. janúar 2021 er varðar framlag til reksturs almenningssamgangna vegna fjárhagslegs taps af völdum Covid-19 sem og afrit af erindi til umhverfis- og samgöngunefndar og fjárlaganefndar Alþingis sama efnis, dags. 9. desember 2020, ásamt kynningu Strætó bs. á fjármálum félagsins dags. 13. janúar 2021 lagt fram til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Lagt fram til kynningar.

19. Gjaldskrárbreytingar Sorpu bs. / málsnr. 2101006

Fyrirliggjandi er erindi Samtaka iðnaðarins til eigenda Sorpu bs. dags. 22. desember 2020, þar sem fram koma athugasemdir vegna breytinga á gjaldskrá Sorpu bs.

Niðurstaða fundar:

Fyrirliggjandi erindi er vísað til eigendafundar Sorpu bs. sem ákveðið er að verði haldinn 1. febrúar nk.

Ármann Kr. Ólafsson og Rósa Guðbjartsdóttir víkja af fundi.

20. Akstursþjónusta fatlaðs fólks – hlutverk og ábyrgð aðila / málsnr. 1711002

Fyrirliggjandi eru drög að minnisblaði Eyþóru K. Geirsdóttur, lögmanns hjá embætti borgarlögmanns, til Jóhannesar Svavars Rúnarssonar framkvæmdastjóra Strætó bs., dags. 9. desember 2020, þar sem fjallað er um hlutverk og ábyrgð Strætó bs., stjórnar akstursþjónustunnar og einstakra sveitarfélaga vegna sameiginlegrar akstursþjónustu fatlaðs fólks. Gestur fundarins undir þessum lið er Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó bs. sem kynnir niðurstöðu minnisblaðsins.

Niðurstaða fundar:



Stjórn samþykkir að lögfræðingur SSH yfirfari minnisblaði í samráði við framkvæmdastjóra Strætó bs og SSH.

21. Önnur mál

a)Stefnumótun SSH

Formaður leggur til að haldinn verði stefnumótunarfundur stjórnar fyrir SSH eftir 15. febrúar nk., en dagskrá hans og fyrirkomulag verði ákveðið síðar.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir tillögu um að haldinn verði stefnumótunarfundur fyrir stjórn SSH.

b) Eigendafundir byggðasamlaganna

Formaður leggur til að eigendafundir Sorpu bs. og Strætó bs. verði haldnir hinn 1. febrúar nk.

Niðurstaða fundar:

Stjórn samþykkir að eigendafundir verði haldnir 1. febrúar nk.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 14:15

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

335. fundur

Föstudaginn 29. janúar 2021 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. Fundurinn var fjarfundur og hófst kl. 11:00.

Mætt voru:

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs.

Dagskrá fundar:

1. Staða öryggismála
2. Nýtt leiðanet – Borgarlínan – staðan.
3. Gæðakerfi 2020.
4. Lífeyrissjóðurinn Brú.
5. Fjárhagsáætlun 2021 – 2025
6. Eigendafundur Strætó bs.
7. Önnur mál.

Tekið fyrir:

1. Staða öryggismála.

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðasviðs, kynnti stöðu öryggismála, umbótaverkefni og tölfraði tengt öryggi.

Unnið er samkvæmt öryggisstefnu Strætó sem samþykkt var í febrúar 2019. Áhersla er á áframhaldandi mótun öryggismenningar hjá fyrirtækinu og stefnt að slysalausum vinnustað, fækkun tjóna og eflingu fræðslu og forvarna.

2. Nýtt leiðanet – Borgarlínan – staðan.

Ragnheiður Einarsdóttir og Valgerður Benediktsdóttir, sérfræðingar hjá Strætó, kynntu stöðuna á vinnu við nýtt leiðanet. Unnið er að því að besta leiðir í nýju samgöngulíkani höfuðborgarsvæðinu sem enn er í þróun og við áfangaskiptingu innleiðingar.

Vinna við þróun og bestun Nýs leiðanets verður áfram í gangi ásamt því að rekstrarforsendur og áætlun Nýs leiðanets eru til yfirferðar.

3. Gæðakerfi 2020.

Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs og gæðasviðs, kynnti tölfraði úr gæða- og ábendingakerfi Strætó fyrir árið 2020. Ábendingum notenda hefur fækkað mikið frá árinu 2019 sem má að hluta til skýra af minna umfangi aksturs á árinu 2020 vegna Covid-19 faraldursins.

Vinna umbótahóps þjónustu og umbótahóps leiða sem stofnaðir voru á árinu 2019 er stöðugt í gangi.

4. Lífeyrissjóðurinn Brú.

Fyrir fundinum lágu drög lögmanns Strætó, dags. 27.01.2021, að svarbréfi félagsins við bréfum Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar frá 08.12.2020 og 20.01.2021 þar sem Strætó bs. var krafist um greiðslu fjárhæðar vegna áfallinna lífeyrissjóðsskuldbindinga starfsmanna Strætó bs. á árabílinu 2017-2019.

Stjórn er sammála þeim sjónarmiðum sem fram eru sett í bréfi lögmannsins og samþykkir að svarbréfið skuli sent.

5. Fjárhagsáætlun 2021 - 2025.

Áframhaldandi umræður um fjárhagsstöðu Strætó og hvaða mótvægisáðgerða hefur verið gripið til vegna minnkandi handbærs fjár. Kynnt var fjármálagreining sem KPMG vann fyrir stjórn, dags. 25.01.2021.

Fjárhagsleg staða Strætó bs. og fjárvöntun félagsins, sem til umfjöllunar hefur verið hjá stjórn á undanförunum stjórnarfundum og sem kynnt hefur verið eigendum, verður til umfjöllunar á eigendafundi byggðasamlagsins sem boðað hefur verið til í næstu viku.

6. Eigendafundur Strætó bs.

Boðað hefur verið til eigendafundar Strætó í næstu viku þar sem fjallað verður um fjárhagsstöðu Strætó og fjárhagsáætlun ársins 2021.

7. Önnur mál

Fundi slitið kl. 13:00.

Fylgiskjöl: Staða öryggismála, Ábendingar og gæðamál. Nýtt leiðanet

Hjálmar Sveinsson

Karen Halldórsdóttir

Helga Ingólfssdóttir

Ásgeir Sveinsson

Sigrún Edda Jónsdóttir

Gunnar Valur Gíslason

Tillaga

Bæjarstjórn samþykkir að fela fræðslu- og menningarsviði Garðabæjar að skoða heildstæða nýtingu húsnæðis á Garðatorgi 1 þar sem annars vegar verði mótuð tillaga að áframhaldandi uppbyggingu Hönnunarsafns Íslands í húsinu og hins vegar tillaga að því hvernig nýta megi betur önnur rými á 2. hæð, jarðhæð og í kjallara hússins ásamt aðliggjandi yfirbyggðri göngugötu undir fjölbreytta menningarstarfsemi fyrirtækja og félagasamtaka á sviði lista og menningar, Ungmennahús, frístundastarf fatlaðs fólks og samkomustað fjölskyldna í bænum.

Stefnt skal að því að tillögur fræðslu- og menningarsviðs ásamt greiningu stofnkostnaðar og reksturskostnaðar valkosta liggi fyrir eigi síðar en í lok apríl 2021.

Greinargerð

Þann 1. janúar 2007 tók Garðabær við rekstri og stjórn Hönnunarsafns Íslands. Hönnunarsafnið starfar sem stofnun á vegum bæjarfélagsins og ber safnið ábyrgð á söfnun, varðveislu, rannsóknum og miðlun á þeim þætti menningarsögu Íslendinga sem lýtur að hönnun, einkum frá aldamótunum 1900. Á undanförunum árum hefur starfsemi safnsins á sviði stafrænnar menningar eflst, safnið stendur fyrir vönduðum viðburðum fyrir börn og á árinu 2019 tók Hönnunarskóli Hönnunarsafnsins til starfa fyrir ungmenni á aldrinum 13-16 ára.

Allt frá árinu 2015 hafa fulltrúar Garðabæjar, með hléum, átt viðræður við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis og fjármála- og efnahagsráðuneytis um hvernig leysa megi húsnæðismál Hönnunarsafnsins en hætt var við að reisa nýja safnbyggingu í kjölfar hrunsins árið 2008. Gengið er út frá því að ákvæði í samkomulagi aðilanna frá árinu 2006 um stofnframlag ríkisins vegna safnbyggingar sé enn í fullu gildi og að það framlag ríkisins framreiknað til verðlags 2021 fari til uppbyggingar safnsins á Garðatorgi 1, s.s. til að bæta aðgengi að safninu, auka öryggi muna, stækka rými fyrir sýningar og innréttu fjölnotasal. Einnig hefur verið til umræðu ráðstöfun styrktar- og rekstrarframlags í fjárlögum til starfsemi Hönnunarsafnsins.

Markmið með úttektinni er annars vegar að undirbúa stækkun Hönnunarsafnsins í núverandi húsnæði og hins vegar að auka menningarlíf og þjónustu á Garðatorgi enn frekar með vísi að Blackbox rými; t.d. með Ungmennahúsi, bættri aðstöðu fyrir leiklist, myndlist og aðrar listgreinar ásamt aðstöðu fyrir frístundastarf fatlaðs fólks. Mikilvægt er að úttektin sé unnin í fullu samráði við húseiganda og aðra hagaðila í húsinu m.a. með tilliti til þátttöku í breytingum á húsnæði.

Með bættum húsakosti Hönnunarsafnsins á Garðatorgi 1 með betri og varanlegri sýningar- og geymsluaðstöðu, aðgengi fyrir alla og bættri ásýnd, þróun Ungmennahúss fyrir 16 ára og eldri og aukinni aðstöðu fyrir menningu, listir, frístundir fatlaðs fólks og samveru fjölskyldunnar er stuðlað að áframhaldandi uppbyggingu öflugs miðbæjar Garðabæjar á Garðatorgi í sambýli við þá verslun, þjónustu og íbúðarbyggð sem þar er til staðar nú.

Áslaug Hulda Jónsdóttir, formaður bæjarráðs
Björg Fengler, formaður íþróttá- og tómstundaráðs
Gunnar Valur Gíslason, formaður menningar- og safnanefndar